E F N I

LESBÓK
MORGUNBLAÐSINS

Útgefandi: Hf. Árvakur, Reykjavík. Framkvstj.: Haraldur Sveinsson. Ritstjórar: Matthías Johannessen, Styrmir Gunnarsson. Aðstoðarritstjóri: Björn Bjarnason. Ritstjórnarfulltr.: Gísli Sigurðsson. Auglýsingar: Baldvin Jónsson. Ritstjórn: Aðalstræti 6. Sími 691100.




Forsíðan

Forsíðumyndin er af verki Errós, „Tyrkneska baðhúsið“, en hún er meðal verka á sýningu hans sem verður opnuð á Kjarvalsstöðum 16. september. Börkur Arnarson tók myndina.

Vídeó-skúlptúr

telst til hinna nýrri listgreina. Yfirlitssýning á verkum 45 listamanna í greininni er nú í Köln í Vestur-Þýskalandi.





Hávamál

Handan við Hávamál er fyrsta grein Hermanns Pálssonar af þremur um efnið. Hér er meðal annars vikið að áhrifum Óvíðs ekki síst Manvéla þar sem mönnum eru lögð til heilræði við að gilja konur.

Ferðablaðið

Björn Ólafsson lýsir reynslu sinni og félaga síns í fjallgöngu eða klifurferð upp á MacKinley-tind í Alaska.



STEFÁN HÖRÐUR GRÍMSSON

Endurskin

Getur það verið
að við lifum
einungis hádag
ellegar blánótt
sem við gleymum?
að allt hitt
sem við lifum
sé bara aðdragandi
og endurskin?
Ýmsir fullyrða
að tunglsljós
sé heillandi
og hér verður
engum hallmælt
fyrir þá skoðun.

R A B B

Samanburðar-sálarkreppa

Finnst ykkur þetta ekki fínt orð í fyrirsögninni? Það er haft um algengt fyrirbrigði í sálarlífi manna, þ.e. þegar menn verja of miklum tíma til þess að bera sjálfa sig saman við aðra og hafa nagandi grun um, að niðurstaðan verði hinum í hag. Hæfilegur samanburður á að verka hvetjandi, en óhæfilegur letjandi eða jafnvel lamandi. Auðvitað er eðlilegt, að menn mæli sig að einhverju leyti við aðra, en þegar það er gert í óhófi, á það að valda hinni frægu minnimáttarkennd. Eða orsakar upphafleg minnimáttarkennd ef til vill sífellda samanburðarárátttu? Hvað er orsök, og hvað er afleiðing?

Samanburðurinn er svo sagður valda öfund og afbrýðisemi. Einstaklingum og hópum, jafnvel heilum þjóðum, finnst, að þeir séu jafnvel af guði gerðir (eða betur) en aðrir. Samt gengur allt svo bölvanlega hjá þeim, en vel hjá hinum. Þá er farið að leita orsaka, og þægilegastar þeirra eru fordómar. Þá þarf ekki einu sinni að rökstyðja (annars væru þeir ekki fordómar).

Öfund er áreiðanlega máttugt afl í stjórnmálum, því að margur hyggur auð í annars garði. Þýzkur þjóðfélagsfræðingur hefur skrifað bók um öfund („Der Neid“), þar sem hann fullyrðir, að hún sé mestur og verstur áhrifavaldur í innanlandsstjórnmálum hvers ríkis og stundum líka í utanríkisstjórnmálum. Margir stjórnmálamenn, lýðskrumarar og þjóðskrumarar (demagógar og pópúlistar) hafi komizt til valda með því að leika á strengi hennar hjá öllum, sem ímyndi sér, að þeir séu settir hjá í þjóðfélaginu, séu „litli maðurinn“, hvort sem það er vegna uppruna, menntunar(leysis), stéttar, búsetu eða annars. Öðrum líði vel á kostnað þeirra, og því þurfi að breyta. Hið svokallaða „þjóðfélag“ eða „samfélag“, — þessi afmarkaða hrúga af einstaklingum — , er þá gert að lifandi, hugsandi skepnu, sem ráðast þarf gegn, drepa eða breyta verulega.

Mér datt þetta í hug, af því að í sumar hef ég orðið var við nýtt vandamál í íslenzka þjóðfélaginu. Reyndar virðist það vera tvíþætt, og myndu Kínverjar sjálfsagt kalla það „tvöfalda óhamingju“.

Einn þeirra, sem skrifar dálka Víkverja í kjallaranum hjá Velvakanda á höfuðbóli Lesbókar, Morgunblaðinu, hefur skrifað a.m.k. tvívegis um áhyggjur sínar af því, að *gamla rúgbrauðsgerðin* við Skúlagötu skuli enn vera kölluð gamla rúgbrauðsgerðin. Finnst honum það ekki nógu fínt nafn lengur á húshjalli þessum, eftir að hann var dubbaður upp í það að vera „Statens Festlokaler“, eins og það heitir á skandínavísku, en þetta fyrirbæri þekkist líka hjá frændunum góðu á Norðurlöndum, að helztu vinnumenn á þjóðarbúinu þurfi að hafa sérstakt hús til þess að halda sjálfum sér og öðrum veizlur á kostnað almennings. (Lesandinn tekur væntanlega eftir því, að í niðurlagi síðustu setningar hef ég tileinkað mér orðalag þjóðskrumara, eða hvað?). Reyndar minnir mig, að samsvarandi smáhöll við Parkveien í Ósló sé enn kennd við olíuhreinsunarkompaní nokkurt, Petrofina, sem þar hafði kontóra sína fyrr á árum, og hefur það ekki komið að sök, svo að mér sé kunnugt um. A.m.k. virðast gestir í þessari „palazzina“ norska ríkisins koma ríkisgreiddum mat og drykk vel niður, þrátt fyrir hina óvirðulegu fortíð hússins, sem geymist í nafni þess. Hvað sem því líður, þá var húsið mikla við Skúlagötu byggt til þess að baka þar rúgbrauð, og því skyldi það ekki mega halda sínu gamla og merkingarþrungna nafni, þótt það gegni öðru (og æðra?) hlutverki um stundarsakir? Menn ganga í samtök til að vernda hús, en þarf ekki alveg eins að vernda nöfn þeirra? Annars ættu ríkisbústjórar okkar að geta haldið veizlur sínar á venjulegum veitingastöðum, sem nóg er af í bænum. Þetta ríkisrekna samkomuhús, þar sem vinnufólk skattþegna heldur hóf sín á kostnað vinnuveitenda sinna óaðspurðra, er því með öllu óþarft. Raunar þykir það ekki nógu fínt undir allrafínustu boðin, svo sem kónga-veizlur, en nokkurs taugatitrings hefur gætt hjá íslenzka lágaðlinum, eftir að blöðin tóku upp á þeim skolla að birta lista yfir boðsgesti þá, sem fá að sitja til borðs með konungbornu fólki suðrænu — eða jafnvel bara norrænum ráðherrum. Mörgum maklegum mun þykja, að ýmsum alls ómaklegum sé boðið, en slíkt veldur sem kunnugt er innibyrgðum harmi í heimahúsum („sálrænni samanburðarkreppu“), sem ekki er hægt að bera á torg til þess að fá útrás. Því var í sumar sorg í mörgu húsi, af því að pabbi var ekki boðinn. Ómurleg reynsla sannar, að bezt er að halda slíkum listum vandlega leyndum, sbr. skrif ýmissa í Þjóðviljanum um árið, þegar flokkssystkin þeirra sáust óvart á myndum úr partíum í bandaríska sendiráðinu og sættu aðkasti fyrir bragðið. Sum höfðu nefnilega sézt áður á öðrum myndum, sem teknar voru utan dyra sendiráðsins af mótmælahópum. Þetta var allt mjög raunalegt. Forsætisráðuneytið hefur nú neyðzt til þess að senda frá sér opinbera yfirlýsingu um „gildandi meginreglur“ við val helztu höfðingja í eftirsóttustu matarboðin, en mér hefur skilizt, að sízt hafi dregið úr sviða utanþröskuldafólks við það, og sannast hér enn, að samanburður veldur öfund. Með þessum nafnbirtingum og „gildandi meginreglum“ er kannske að myndast hér vísir að aðalsmannatali (Gotha og Debrett) eða a.m.k. skipting eftir „Rang“, eins og í gamla daga. Fáum við þá ekki aftur kammerráð og kanzellíráð, jafnvel geheime-etazráð? Nú, nú, sleppum því, en minnumst hins, að fyrrgreindur Víkverji óskar eftir tillögum um nafn við hæfi handa gömlu rúgbrauðsgerðinni. Í samræmi við nafngiftir á hvers konar skrallhúsum og félagsheimilum, þegar tíguleg fornyrði, heiti á bústöðum Ása og Vana, fornkonunga og sækonunga, eru dregin nauðug viljug út úr Eddurökkri Sæmundar og Snorra og fram í glannalega rafljósabirtu nútímans, finnst mér aðeins eitt nafn koma til greina: *Glæsivellir*. Með tilvísun til kvæðis Gríms Thomsens gæti veizlustjóri (magister eða rex bibendi; drykkjukonungur eða skálasjóli) hverju sinni nefnzt Goðmundur kóngur, og væri þá allt mjög við hæfi.

MAGNÚS ÞÓRÐARSON